

Dómsmálaráðuneytið

Reykjavík, 8. september 2026

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um drög að aðgerðaáætlun gegn mansali

Mannréttindastofnun Íslands lýsir ánægju sinni með drög að aðgerðaáætlun gegn mansali. Fagnar stofnunin sérstaklega þeirri fyrirætlan að stofna eigi sérstakan aðgerðasjóð, sem frjáls félagasamtök, sem koma að mansalsmálum, hafa meðal annarra aðgang að. Þá telur stofnunin jákvætt að aðgerðaáætlunin skuli vera unnin út frá því leiðarljósi að hver aðgerð sé skýr, sértæk, raunhæf, viðeigandi og tímasett. Þrátt fyrir almenna ánægju með efni aðgerðaáætlunarinnar vill Mannréttindastofnun þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Upplýsingar og ráðgjöf

Aðgerð nr. 15 lýtur að því að aðgengi þolenda mansals að upplýsingum um réttindi sín sé tryggt. Þar segir að upplýsingar um réttindi þolenda mansals verði teknar saman og gerðar aðgengilegar á Ofbeldisgátt Neyðarlínunnar. Þá er í aðgerð nr. 17 mælt fyrir um markvissa fræðslu um réttindi og úrræði við veitingu dvalarleyfis.

Þó að fyrrnefndar aðgerðir feli í sér jákvæð skref í þá átt að tryggja aðgengi þolenda mansals að upplýsingum veltir Mannréttindastofnun fyrir sér hvort slíkar ráðstafanir geti talist fullnægjandi til að tryggja rétt þeirra til raunverulegs og skilvirks aðgangs að upplýsingum um réttindi og réttarfarsleg úrræði. Má í því sambandi benda á að þolendur mansals eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og því erfitt að ætlast til þess að þeir geti sjálfir metið lagalega stöðu sína og réttindi út frá almennum upplýsingum á netinu.

Í þessu sambandi bendir Mannréttindastofnun á d. lið 1. mgr. 12. gr. samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (mansalssamningurinn). Þar er kveðið á um rétt þolenda mansals til ráðgjafar og upplýsinga, einkum lagalegan rétt þeirra og þá þjónustu sem þeim stendur til boða, á tungumáli sem þeir skilja. Mætti til dæmis tryggja

þennan rétt með því að efla þá lögfræðiráðgjöf sem þolendum stendur til boða í móttökumiðstöðum fyrir þolendur ofbeldis, enda er hvert tilvik einstakt að einhverju marki og þau úrlausnarefni sem þolandi mansals stendur frammi fyrir oft flókin og leiðbeiningar og svör við þeim fást ekki með almennum upplýsingum á netinu.

Réttaraðstoð

Þriðja úttekt GRETA, eftirlitsnefndar Evrópuráðsins með samningi um aðgerðir gegn mansali, var sérstaklega helguð aðgengi þolenda mansals að réttarkerfinu og skilvirkum úrræðum og mikil áhersla var lögð á þolendur og mannréttindi þeirra.


Ákvæði 15. gr. mansalssamningsins hefur sérstaka þýðingu fyrir aðgengi þolenda mansals að réttinum. GRETA hefur lagt áherslu á að 2. tl. 15. gr. samningsins feli í sér skyldu aðildarríkjanna til að tryggja þolendum mansals lögfræðiaðstoð og ókeypis réttaraðstoð. GRETA bendir á að dóms- og stjórnarsýslumeðferð geti verið flókin og að lögfræðiaðstoð sé þess vegna nauðsynleg til þess að þolendur geti raunverulega haldið fram réttindum sínum.

Ákvæði 41. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, veita meðal annars rétt til skipunar réttargæslumanns þolanda í brotum sem falla undir XXIV almennra hegningarlaga eftir ósk brotaþola og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í skýrslu sinni bendir GRETA á að nefndin hafi haft spurnir af málum þar sem farið var með brot gegn þolendum mansals sem brot á vinnumarkaðslöggjöf en ekki hegningarlagabrot og því hafi þeim ekki verið skipaður réttargæslumaður. Einnig bendir nefndin á að þó að þolendur mansals geti sótt um gjafsókn til að leita réttar síns í einkamáli, þá uppfylli ekki allir þolendur mansals skilyrði gjafsóknar og að stéttarfélög séu þess oft ekki umkomin að greiða málskostnað, þegar um vinnumansal er að ræða. Telur GRETA að íslensk stjórnvöld ættu að taka frekari skref í þá átt að tryggja þolendum mansals lögfræðipjónustu og endurgjaldslausu aðstoð um leið og rökstuddur grunur er um að viðkomandi sé þolandi mansals, óháð því hvort hann ætli að kæra eða gefa skýrslu. Þetta skiptir máli þegar þolandi mansals þarf að leita réttar síns utan hins eiginlega sakamáls, til dæmis vegna skaðabótakröfu, launakröfu, stjórnarsýsluákvörðunar, dvalarleyfis eða annarra réttinda sem tengjast stöðu hans sem þolanda mansals.

Í ljósi framangreinds álits GRETA hvetur Mannréttindastofnun Íslands til þess að í aðgerðaáætluninni verði mælt fyrir um aðgerð sem tryggi þolendum mansals lögfræðipjónustu og endurgjaldslausu aðstoð jafnskjótt og rökstuddur grunur leikur á að viðkomandi sé þolandi mansals.

Að lokum minnir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um aðgerðaáætlun gegn mansali eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri